

JÚNÍ 2026

# FRÉTTABRÉF LANDSKJÖRSTJÓRNAR

Síðastliðnir mánuðir hafa verið annasamir en skemmtilegir enda fóru sveitarstjórnarkosningar fram þann 16. maí 2026. Undirbúningi og framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna verða gerð skil í skýrslu landskjörstjórnar til dómsmálaráðherra sem kemur út í sumar.

Eftir sveitarstjórnarkosningar kýs ný sveitarstjórn yfirkjörstjórn sveitarfélagsins. Upplýsingar um skipun yfirkjörstjórna má senda til landskjörstjórnar á netfangið [postur@landskjorstjorn.is](mailto:postur@landskjorstjorn.is). Einnig er minnt á þjónustukannanir sem landskjörstjórn sendi yfirkjörstjórnnum og sveitarfélögnum nýverið.



# Á döfinni hjá landskjörstjórn

## *Undirbúningur þjóðaratkvæðagreiðslu*

Þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort Ísland skuli hefja á ný viðræður um aðild að Evrópusambandinu fer fram laugardaginn 29. ágúst nk. Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu er að mörgu leyti áþekk framkvæmd forsetakjörs þar sem kosið er á kjördag í hverju sveitarfélagi en talning atkvæða fer fram á ábyrgð yfirkjörstjórna kjördæma. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla mun hefjast 27. júlí nk. en að öðru leyti eru tímafrestir sambærilegir því sem tíðkast við framkvæmd forsetakjörs.

Í aðdraganda þjóðaratkvæðargreiðslunnar skal landskjörstjórn standa fyrir víðtækri kynningu á því málefni sem kosið er um og þá skipar hún einnig sérstaka umboðsmenn, tvo í hverju kjördæmi, sem skulu gæta andstæðra sjónarmiða við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Boðað verður til undirbúningsfunda með framkvæmdaaðilum kosninga þegar líður á sumarið. Allar nánari upplýsingar verður að finna á [kosning.is](http://kosning.is).



KJÖRSTAÐUR

# Þróun og nýsköpun

## *Rafræn söfnun meðmæla*

Rafræna meðmælendakerfið var aðlagð að sveitarstjórnarkosningunum og var notað með góðum árangri í aðdraganda þeirra. Alls opnuðu 47 sveitarfélög fyrir söfnun meðmæla í kerfinu þar sem 168 framboð söfnuðu meðmælum. Landskjörstjórn var tilnefnd til nýsköpunarverðlauna hins opinbera fyrir meðmælendakerfið sem er mikil viðurkenning á mikilvægi kerfisins fyrir stafræna þróun hins opinbera.

## *Endurnýjun atkvæðakassa*

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna í vor voru innleiddir nýir atkvæðakassar. Markmiðið með endurnýjun kassana var m.a. að bregðast við ákalli þeirra sem starfa við kosningar um léttari og meðfærilegri kassa sem sömuleiðis tækju minna pláss í geymslu. Nýju atkvæðakassarnir reyndust vel við sveitarstjórnarkosningarnar og voru viðbrögð kjósenda og kjörstjórnarfólks almennt jákvæð.

## *Rafræn kjörskrá*

Á kjördag var rafræn kjörskrá prófuð í Flóahreppi, en um var að ræða samstarfsverkefni milli landskjörstjórnar og Þjóðskrár. Prófanirnar tókust vel og verður spennandi að fylgjast með þróun rafrænnar kjörskrár í kosningum framundan.

# Kosningaeftirlit og heimsóknir

Það var margt um manninn í kringum kosningar þetta vor.

Við sveitarstjórnarkosningarnar komu fulltrúar frá héraðs- og sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins (e. *The Congress of Local and Regional Authorities of the Council of Europe*) og bresku samtökunum *Democracy Volunteers* til landsins til að sinna kosningaeftirliti. Sendinefndirnar lýstu yfir ánægju með móttökurnar sem þær fengu á kjörstöðum og talningarstöðum víðsvegar um landið.

Þá komu fjórir starfsmenn norsku kosningastofnunarinnar (n. *Valgdirektoratet*) í námsferð hingað til lands. Markmið heimsóknarinnar var að kynnast framkvæmd kosninga á Íslandi og að miðla reynslu og þekkingu á milli kosningayfirvalda.

Gestirnir fengu kynningu á kosningaframkvæmd hér á landi og heimsóttu jafnframt kjörstaði til að fylgjast með undirbúningi og framkvæmd kosninganna.





Þann 9. júní fór fram samráðsfundur norrænna kosningastofnana þar sem fjallað var um kosningamál frá ýmsum sjónarhornum. Fundinum lauk með heimsókn til Grindavíkur þar sem fundargestir kynntu sér afleiðingar eldsumbrotanna á Reykjanesi en eitt fundarefna var framkvæmd kosninga þegar hættu- eða krísuástand á sér stað.

Þessar heimsóknir og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi endurspeglar mikilvægi samstarfs og þekkingarmiðlunar á sviði kosningaframkvæmdar. Með því að taka á móti erlendum sérfræðingum og senda fulltrúa til annarra ríkja styrkist faglegt net kosningastarfs, auk þess sem slík samskipti stuðla að aukinni samræmingu, gagnsæi og gæðum í framkvæmd kosninga bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi.





## Útgáfumál

### *Ársskýrsla 2025*

Ársskýrsla landskjörstjórnar fyrir árið 2025 kom út 20. mars sl. Þar er fjallað um það sem helst bar til tíðinda í starfsemi landskjörstjórnar á fyrra ári.

### *Leiðbeiningar um mat á gildi atkvæða*

Landskjörstjórn gaf nýverið út nýjar leiðbeiningar um mat á gildi atkvæða í kosningum sem eru ætlaðar yfirkjörstjórnnum, umboðsmönnum framboða og þeim er koma að talningu atkvæða í kosningum í þeim tilgangi að leiðbeina um úrlausn vafa- eða ágreiningsmála sem upp kunna að koma.

- [ÁRSSKÝRSLA 2025](#)
- [LEIÐBEININGAR UM MAT Á GILDI ATKVÆÐA Í KOSNINGUM](#)



Við vonum að þið hafið það gott í sumar og við hlökkum til samstarfsins framundan.



**Landskjörstjórn**